



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

548. stjórnarfundur 24. september 2020 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Birgir Már Bragason var fjarverandi.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Ástu Tómasdóttur. Hún vill gefa félaginu bikara til endurnýtingar. Aðalstjórn tók vel í erindið og Einar ætlar að skoða þetta með Ástu.

Tölvupóstur frá Kristínu Hreinsdóttur, fyrirspurn vegna handboltaæfinga. Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið, Einar ætlar að vera í sambandi við Kristínu.

Tölvupóstur frá Veru um að nota K-lógóið á fatamerkimiða. Samþykkt af aðalstjórn.

Fréttabréf frá ÍSÍ.

Tölvupóstur með bókun íþrótt- og tómstundaráðs vegna skila á skýrslu um íþrótt- og leikjaskóla.

Tölvupóstur með upplýsingum um Íþróttaviku Evrópu.

Tölvupóstur með bókun íþrótt- og tómstundaráðs vegna minnispunkta aðalstjórnar.

Tölvupóstur með bókun íþrótt- og tómstundaráðs og bæjaráðs Rnb vegna niðurfellingar fasteignagjalda á Hringbraut 108.

Póstur frá RSK, staðfesting á stjórn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

Tölvupóstur frá UMFÍ, Sambandsráðsfundur 23. og 24. október 2020. Einar formaður mætir.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Rnb vegna Covid 19. Fyrirspurn um viðbrögð íþróttafélagsins ef upp koma smit.

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar áframsendir á deildir félagsins.

Umsókn í Íþróttasjóð Ríkisins fyrir örmyndböndum.

Umsóknir í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Verkefnin eru Lifandi liðsheild, nýtt Keflavíkurlag og ný heimasíða.

### 4. Heimasíða Keflavíkur

Júlíus Guðmundsson fulltrúi Dacoda kynnti fyrir Einari og Hjördísi drög að útliti heimasíðunnar sem síðan var sent í tölvupósti á alla stjórnarmenn aðalstjórnar sem leist vel á. Júlíus er byrjaður að gera undirsíður.

### 5. Jólblað 2020

Einar er búinn að heyra í XXXXXXXXXX og hann samþykkti að vera í opnuviðtali. Sævar Sævarsson er tilbúinn að taka viðtalið.

### 6. Verkefnið Allir með (Reykjanesbær)

Tökur á myndböndum eru í gangi og hafa verið haldnir tveir fyrirlestrar fyrir grunnskólakennara.

## 7. Önnur mál

- A. Fyrirspurn með að skoða það að aðalstjórn gerist áskrifandi að Sideline og gefi öllum deildum kost á að nota það. Einar ætlar að afla meiri upplýsinga um fyrirtækið.
- B. Hjördís er að fara að kynna fyrir deildum verkefnið Lifandi liðsheild sem verður í samstarfi við 88 húsið.
- C. Aðalstjórn samþykkir að kaupa árskort af körfuknattleiksdeild.
- D. Eydís B. Eyjólfsdóttir færði félaginu verðlaunapening, 1. verðlaun í sundi frá árinu 1933. Hugsanlegur verðlaunahafi var Guðrún Elíasdóttir.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 8. október 2020

Fundi slitið kl. 19:40

Fundinn ritaði Eva Björk